

Efni: Skilgreining á „farsótt“ í frumvarpi til Sóttvarnarlaga.

Í frumvarpi til breytingar á sóttvarnarlögum nr. 19/1997 er farsótt skilgreind svo:

Tilkoma sjúkdóms, ákveðins heilsutengds atferlis eða annarra atburða sem varða heilsu fólks innan samfélags eða landsvæðis, í tíðni sem er umfram það sem vænta má.

Á fundi nefndarinnar þann 14. janúar sl. var nefnt að skilgreining á farsótt í frumvarpinu kynni að vera „fullopin“. Ég tók að mér að skoða það. Ég er sammála því að þrengri skilgreining á farsótt væri betri og legg til:

Farsótt: *Smitandi sjúkdómur, innan samfélags eða landsvæðis, sem er nýr eða í tíðni sem er umfram það sem skýra má með því að um tilviljun sé að ræða.*

Rökstuðningur.

Ég tel að núverandi skilgreining geti átt við mun fleiri sjúkdóma heldur en frumvarpið á að taka til. Dæmi eru nýr lungnasjúkdómur af völdum rafsígarettna sem að upp kom í Bandaríkjunum 2019 aukin uppkoma ofvirkni með athyglisbrest (ADHD) á Íslandi 1989 - 2006. Það er minn skilningur að það sé ekki ætlun löggjafans að sóttvarnarlög taki til slíkra sjúkdóma.


Einnig tel ég að núverandi skilgreining í frumvarpinu sé mun víðari heldur en almennur skilningur á orðinu farsótt, sbr. fyrri skilgreiningar:

Farsótt: *smitandi sjúkdómur sem breiðist ört út og leggst á marga*
(Íslensk nútímamálsorðabók Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum)

Með farsótt er átt við skráningarskyldan smitsjúkdóm sem ógnað getur almannaheill. (í frumvarpi til sóttvarnarlaga 1989 var þessi skilgreining lögð til (<https://www.althingi.is/altext/112/s/0196.html>), Þessa skilgreiningu er þó ekki að finna í endalegu lögunum og í gildandi lögum er „farsótt“ reyndar ekki skilgreind sérstaklega).

Ég bendi á að skv. tillögu minni nær farsótt ekki utan um sjúkdóma sem að eru tilkomnir vegna umhverfsmengunar. Sé það ætlunin að sóttvarnarlög nái utan um þá sjúkdóma tel ég rétt að skilgreina þá sérstaklega, frekar en að hafa skilgreininguna á farsótt svo víða að hún nái utan um slíka sjúkdóma.

Virðingarfyllst.

A handwritten signature in blue ink, reading "Gunnar Tómasson", is written over a horizontal line.

Gunnar Tómasson,
lektor í faraldsfræði við HÍ og meðlimur í Sóttvarnarráði.